



## **Þriðji fundur Græns teymis fimmtudaginn 31. maí. 2018 kl. 8:10**

Fundarmenn: Ásta Þórisdóttir, Davíð Rúnar Gunnarsson, Hildur Dagbjört Arnardóttir og Lína Björg Tryggvadóttir sem skrifaði fundargerð.

1. Fundarferð um Vestfirði  
Verkefnastjóri hefur hug á að far um svæðið og kynni verkefnið betur. Hitta þarf sveitastjórn og starfsfólk og fjalla um grænu skrefin. Einnig ná íbúum á kynningarfundum þannig að verkefnið verði sýnilegra útávið. Lagt til að aðili úr Græna teyminu komi með á fundi ef við á á þeim stöðum þar sem hann er staðsettur til að kynna betur hvað Grænt teymi stendur fyrir. Verkefnastjóri ætlar að skoða hvort hægt sé að nýta seinni hluta ágúst og september í fundarferðir um sveitarfélögin.
2. Verkefnið Græn skref og staða  
Fjögur sveitarfélög af 9 hafa fengið kynningu á Grænum skrefum sveitarfélagana. Kynningar hafa gengið vel og hafa þau sveitarfélög sem hafa fengið kynningu tekið vel í að fara í verkefnið. Þrjú sveitarfélög hafa þegar samþykkt verkefnið. Verkefnastjóri er að kanna hver kostaður varðandi nýja undirsíðu á [vestfirdir.is](http://vestfirdir.is) og er að leita að aðila sem geta tekið út verkefnið árlega í sveitarfélögunum. Spurning hvort að sá aðili geti verið úr Grænu teymi.
3. Grænt bókhald  
Kalla þarf til fundar varðandi grænt bókhald. Verkefnastjóri kalli til Skype fundar með þeim starfsmönnum sveitarfélaganna sem við á.
4. Facebook síða verkefnisins – búa til nýja síðu sem ber nafnið umhverfissvottaða Vestfirði þannig að hægt sé að kynna verkefnið betur. Grænt teymi seti inn fréttir á mótum verkefnastjóra.
5. Unnið er að pokastöðvum bæði á Ísafriði og Hólmavík. Grænt teymi vill senda hvatningu til sveitarfélagana á Vestfjörðum sem hljóðar svo: Sveitarfélögin hvetji starfsmenn sína til að gera poka fyrir verkefnið. Sveitarfélögin taki þátt í verkefninu t.d með því að gefa starfsmönnum 15 mín á dag þar sem þeir koma saman og gera poka sem nýttir verða á pokastöðvum á Vestfjörðum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10.00. Næsti fundur áætlaður kl. 8:10 mánudaginn 28. júní 2018.